

A 1812/holdbart

Afgreiðsla Norræna sjálfbærnefndin

Nefndarálit norrænu sjálfbærnefndarinnar um
um að draga úr koldíoxíði í nýbyggingum

Tillaga

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að vistferilsgreining fari jafnan fram þegar nýjar byggingar eru reistar,
að vistferilsgreining vegna nýbygginga verði tengd loftslagsmarkmiðum
viðkomandi lands,
að ákvæði verði sett um hámark leyfilegrar kolefnislosunar á líftíma
nýbygginga,
að upplýsingum verði komið á framfæri um reynsluna af
kolefnishlutlausum byggingarstöðum.

Bakgrunnur

Stemma verður stígu við loftslagsbreytingum sem allra fyrst. Því miður nægir engin ein aðferð til að ná því markmiði að takmarka tjón vegna loftslagsbreytinga, heldur verður að draga úr losun á öllum sviðum.

Í máli sérfræðinga sem héldu erindi á sumarfundi Norrænu sjálfbærnefndarinnar kom fram að byggingariðnaðurinn er valdur að 5–7 af hundraði koldíoxíðslosunar á Norðurlöndum. Losunin stafar einkum af mikilli notkun á steinsteypu og múrsteini, en á því getur orðið breyting.

Á Norðurlöndum er til dæmis gnótt skóga. Trjáviðinn má nota til mannvirkjagerðar og þar með nýtist byggingarmassinn til að binda koldíoxíð. Ef rétt byggingarefni eru notuð geta ný mannvirki orðið til að létta álagi af loftslaginu í stað þess að þyngra það, eftir því sem sérfræðingarnir sögðu í fyrirlestrum sínum.

Vandinn er fólgin í því að fá byggingargeirann til að nota loftslagsvænni byggingarefni og aðferðir.

Með því að setja sameiginlegt ófrávíkjanlegt markmið og taka upp sameiginlegar ófrávíkjanlegar aðferðir við að meta losun koldíoxíðs á hvern fermetra látum við byggingargeiranum sjálfum eftir að beita þeim aðferðum sem best henta í hverri



byggingu. Auk þess viljum við að reglur um koldíoxíðslosun verði á skömmu árabili hertar frá ári til árs svo að byggingariðnaðurinn sjái sig tilneyddan að taka fljótt upp nýjar framleiðsluaðferðir.

Þannig setur Norðurlandaráð þróuninni pólitísk markmið og ramma án þess að taka upp þaulstjórnun, og markaðurinn er látinn um að finna bestu lausnirnar.

Norðurlöndin eru hvert um sig fremur lítil markaðssvæði og það getur verið byggingariðnaðinum þungt í skauti að finna aðferðir sem henta svo litlum mörkuðum. Með sameinuðum kröftum gefst okkur Norðurlandabúum einstakt færi á að ryðja nýjum byggingaraðferðum og -efnum braut, og leggja þannig grunninn að útflutningsiðnaði sem getur orðið afar öflugur.

Aukin nýting trjáviðar í mannvirkjagerð stuðlar jafnframt að heimsmarkmiðum SP 8.2 og 8.4 um aukna framleiðni í atvinnulífinu og bættu auðlindanýtingu auk heimsmarkmiðs 13 um aðgerðir í loftslagsmálum.

Þegar tillagan kom til umfjöllunar í nefndinni fór flokkahópur miðjumanna fram á að bætt yrði við því markmiði að gera byggingarstaði kolefnishlutlausa, og þá einnig að ná fram kolefnishlutleysi í flutningum á byggingarefnum. Skrifstofan upplýsti að í tengslum við Climate-KIC (þekkingar- og nýsköpunarsamfélög á sviði loftslagsmála á vegum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu (EIT)) væru starfrækt tvö verkefni annars vegar um kolefnishlutleysi á byggingarstað og hins vegar um skilmála þess efnis í tengslum við opinber innkaup. Markmiðið er að í fyrstu verði þess krafist að vélar á byggingarstöðum gangi ekki fyrir jarðefnaeldsneyti (heldur lífelfsneyti) og síðar að notaðar verði vélar sem losa ekki koltvísýring (rafknúnar vélar). Nefndin ákvað einróma að bæta við tillögulið um kolefnishlutlausa byggingarstaði.

Að sögn ráðherranefndarinnar er aðferð til að reikna kolefnisspor á hvern fermetra nýbyggingar þegar í notkun á Norðurlöndum. Verið er að þróa aðferðir til að reikna út vistspor annarra þátta byggingarstarfseminnar. Í Evrópusambandinu er til að mynda unnið að aðferð fyrir vistferilsgreiningu (LCA). Pólitískur vilji er fyrir því að taka vistferilsnálgunina til skoðunar í norrænu samstarfi en þar vantar enn viðeigandi reiknaaðferð og gögn fyrir vistferilinn í heild. Að því er varðar annan tillögulið, um *ófrávíkjanlegt hámark leyfilegrar losunar koldíoxíðs á hvern fermetra nýbygginga á Norðurlöndum*, kom fram að ákvæði um þetta er að finna í tilskipun ESB um orkunýtni sem felur í sér lágmarkskröfur um takmörkun á leyfilegri kolefnislosun.

Nefndarmenn urðu einnig sammála um að afla upplýsinga um yfirstandandi vinnu og aðferðir við vistferilsnálgun (LCP) í Evrópusambandinu og tók skrifstofan saman greinargerð um þetta. Ákveðið var að bjóða sérfræðingi á fund nefndarinnar til að lýsa aðferðunum sem notaðar eru við útreikning og ákvörðun markmiða um minni kolefnislosun. Matti Kuittinen, sérfræðingur í sjálfbærum byggingarefnum í finnska umhverfisráðuneytinu, gerði á fundi nefndarinnar 26. janúar grein fyrir ýmsum slíkum aðferðum, m.a. LCP, og hvernig notkun þeirra væri háttað á Norðurlöndum. Í



framhaldi af þeirri kynningu lagði flokkahópur jafnaðarmanna fram tillögu til breytingar á tillöguliðunum í samræmi við eftirfarandi:

að vistferilsgreining fari jafnan fram þegar nýjar byggingar eru reistar,
að vistferilsgreining vegna nýbygginga verði tengd loftslagsmarkmiðum viðkomandi lands,
að ákvæði verði sett um hámark leyfilegrar kolefnislosunar á líftíma nýbygginga,
að upplýsingum verði komið á framfæri um reynsluna af kolefnishlutlausum byggingarstöðum.

Sjónarmið nefndarinnar

Með vistferilsgreiningu fæst yfirsýn um umhverfisáhrif mismunandi hluta af líftíma byggingar og um leið er aflað áreiðanlegra gagna sem nota má til að meta einstaka framkvæmdaliði í heildarsamhengi líftíma byggingarinnar. Samstaða náðist í nefndinni um að breyta tillöguliðunum í samræmi við framlagða tillögu flokkahóps jafnaðarmanna, þ.e. að í tillöguliðunum yrði vísað til vistferilsnálgunarinnar og loftslagsmarkmiða landanna. Til að stuðla að minni kolefnislosun í sem bestu samræmi við loftslagsmarkmið hvers og eins norrænu ríkjanna er tilvalið að tengja þessi markmið vistferilsgreiningu vegna nýbygginga. Norrænt frelsi og flokkahópur hægri manna lýstu stuðningi við tillögu flokkahóps miðjumanna um að bæta við tillögulið um kolefnishlutlausa byggingarstaði. Norræn vinstri græn og flokkahópur jafnaðarmanna studdu tillöguna í þeirri mynd sem flokkahópur jafnaðarmanna lagði hana fram. Norrænt frelsi styður ekki tillöguliðinn um að ákvæði verði sett um hámark leyfilegrar kolefnislosunar á líftíma nýbygginga og setti fyrirvara við tillöguna.

Norðurlöndum 13. apríl 2021

Anders Kronborg (S)

Anna Vikström (S)

Cecilie Tenfjord-Toftby (M)

Johan Andersson (A)

Kasper Roug (S)

Ketil Kjenseth (V)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Magnus Ek (C)

Ole André Myhrvold (Sp)

Rebecka Le Moine (MP)

Simon Holmström (HI)

Staffan Eklöf (SD)

Vilhelm Junnila (saf)